

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 8. maí 2020 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-65/2019.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 5. september 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu af fyrirtækinu X, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að þjónustan hafi verið haldin galla og krefst úrbóta auk þess að seljanda verði gert að lækka greiðslukröfu sína.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 9. september 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur í því skyni. Seljandi skilaði inn andsvörum þann 25. september 2019. Andsvör seljanda voru send álitsbeiðanda 4. október 2019 og álitsbeiðanda veittur kostur á að skila inn athugasemdum vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bærust athugasemdirnar 18. október 2019. Nefndinni bærust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 10. febrúar 2020, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi kveðst hafa óskað eftir þjónustu seljanda við að skipta út gamalli rotþró í sumarbústað sínum og setja nýja rotþró skammt frá þeim stað sem hin eldri var staðsett. Einnig hafi verið beðið um að skipt yrði um inntak í bústaðinn, að vatnslagnir yrðu færðar innandyrna þangað sem nýr eldhúsvaskur hafi átt að koma og að löguð yrði tenging á lóð við aðalvatnsveitu svæðisins. Lýsir álitsbeiðandi því jafnframt að eftir upphaf verkframkvæmda hafi verið óskað eftir við seljanda að nokkur tré meðfram vegi að sumarbústaðnum yrðu fjarlægð. Ráðist hafi verið í framkvæmdirnar meðal annars af þeim að skólþ hafi frosið í frosti og að lítill kraftur hafi verið á vatni inn í bústaðinn.

Álitsbeiðandi kveðst ekki vera sátt við það hvernig verkið var unnið, að kostnaður hafi farið langt umfram eðlilega verðlagningu og það sem rætt hafi verið um í upphafi auk þess sem verkið hafi ekki verið klárað heldur skilið eftir þannig að tjón gæti hlotist af.

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt nýja rotþró fyrir 274.194 krónur sem seljandi hafi verið beðinn um að koma fyrir á öðrum stað en þeim sem sú gamla var staðsett á en hún verið uppi á hól. Rotþróanna hafi átt að setja í laut við veginn þar sem það svæði hafi verið lítið notað og sé lengra frá bústaðnum. Álitsbeiðandi vísar til þess að hún hafi mætt á verkstað eftir að seljandi hafi komið hinni nýju rotþró fyrir. Þá hafi starfsmenn verið að fylgjast með rotþrónni fyllast af vatni og að ekkert hafi verið unnið á meðan hún hafi verið á svæðinu þrátt fyrir að ýmis verk hafi enn verið óunnin. Seljandi hafi þannig ekki enn verið búinn að skipta um inntak í bústaðinn, lagað leiðslur inn í bústaðinn og sett niðurfal fyrir eldhúsvask auk þess ganga hafi þurft frá skólþrórum, rotþró og stóru holunni. Hafi seljandi verið búinn að grafa holu fyrir rotþróanna og tjáð álitsbeiðanda að hún hefði orðið allt of stór. Álitsbeiðandi kveðst ekki hafa gert athugasemdir við það á þeim tímapunkti þar sem búist hafi verið við að seljandi myndi fylla holuna á eigin kostnað enda mistökin á hans ábyrgð.

Bent er á að rotþróin liggi ofarlega miðað við aðliggjandi svæði þrátt fyrir að eftir eigi að setja hið minnsta 50 cm af jarðvegi yfir hana. Skólplagnir frá rotþróinni liggi einnig hátt yfir landslaginu í kring auk þess einnig hafi átt eftir að moka yfir þær að minnsta kosti 50 cm af jarðvegi eða meira niður í frostfrítt svæði. Að sögn álitsbeiðanda mun það skemma notagildi svæðisins að hafa skólplagnirnar svo ofarlega og sérstaklega þegar búið verði að setja þann jarðveg yfir sem þörf sé á. Álitsbeiðandi kveðst ekki skilja hvers vegna rotþróin hafi verið látin snúa eins og gert hafi verið í framkvæmd seljanda. Hefði minna pláss þannig farið í skólplagnir ef rotþróin hefði verið látin liggja samsíða veginum. Þá hefði bein stefna lagnanna verið inn í hólinn þar sem gamla rotþróin hafi verið staðsett og ekki skemmt það pláss sem fyrir sé framan við sólpall. Hefði verið lítið mál að mati álitsbeiðanda að leggja leiðslurnar inn í hólinn þar sem seljandi var með vinnuvélar til verksins á staðnum. Álitsbeiðandi bendir á að skólplagnirnar liggi hærra en stútur sem tengist við hitaveitu svæðisins, en í honum sé slökkt á tengingu við hitaveitu svæðisins. Álitsbeiðandi segir ómögulegt að hylja skólplagningar nægilega vel með jarðvegi án þess að setja yfir stútinn líka. Ef rotþróin hefði verið samsíða veginum hefðu lagnirnar verið mun lengra frá stútnum og þá væri þetta vandamál ekki til staðar. Þá hafi spýtur í lélegu ástandi verið notaðar til stuðnings undir skólplagnirnar. Sé ástandi þeirra með þeim hætti að þær geti fúnað með tímanum en þá muni myndast tómarúm undir lögnunum. Skólplagnirnar taki nú mikið pláss og rýri notagildi jarðarinnar. Fyrir hinar umdeildu framkvæmdir hafi skólplagnir hins vegar ekki verið ekki sjáanlegar.

Álitsbeiðandi vísar til þess að seljandi hafi óskað eftir flutningi á drenmöl á svæðið með vörubíl frá vörubílastöðinni Þrótti sem nota hafi átt til að fylla í holuna sem grafin hafi verið fyrir rotþróinni. Álitsbeiðandi kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því hvort og hversu mikið magn þyrfti að fá af slíkri möl. Í báðum ferðum vörubílsins til baka hafi seljandi fyllt vörubílinn af jarðvegi sem fjarlægður hafi verið af lóðinni í framkvæmdunum. Álitsbeiðandi kveðst hafa treyst ákvörðunum seljanda sem fagmanns varðandi þetta efni og að ekki þyrfti að nota jarðveginn. Álitsbeiðandi telur nú að seljandi hafi ekki átt að flytja jarðveginn í burtu því megnið af honum hefði mátt nota til að fylla áðurgreinda holun auk þess sem setja hafi mátt hann yfir leiðslur skólplagna sem nú standi óvarðar.

Því er lýst að skitpa hafi átt um vatnsinntak í bústað álitsbeiðanda þar sem seljandi hafi upplýst að rörin í inntakinu gætu verið orsök fyrir litlu vatnsrennsli. Til hafi staðið að færa inntakið þangað sem nýr eldhúsvaskur hafi átt að koma en því hafi verið haldið á gamla staðnum sökum góðrar einangrunar. Seljandi hafi ætlað að einangra vatnsinntakið það vel að ekki frysi í því. Álitsbeiðandi vísar til þess að hún hafi komið með þá hugmynd að hafa rafmagnsvír meðfram leiðslunni en seljandi hafi sagt það óþarft ef einangrunin væri góð. Seljandi hafi hins vegar ekki einangrað inntakið og það staðið því óvarið í frosti þar til álitsbeiðandi lét laga það sjálf.

Vísað er til þess að starfsmaður seljanda hafi tilkynnt álitsbeiðanda um að búið væri að koma niðurfalli eldhúsvasksins fyrir. Lýsir álitsbeiðandi því að þegar betur hafi verið að gáð hafi verið búið að bora niðurfallsrör í járnplötu undir bústaðnum en platan hafi hins vegar verið laus og sundurtætt og því komið að litlu gagni. Niðurfallið komi hvergi í gegnum gólfplötuna. Þá hafi niðurfallið verið sett um 10 til 15 cm frá gamla niðurfallinu en flytja hafi átt niðurfallið um nokkra metra. Smiðir sem lagt hafi nýtt gólf í búsetðanum hafi að endingu lokað opinu og gengið betur frá því verki.

Álitsbeiðandi segir að rætt hafi verið milli aðila að kostnaðurinn mætti alls ekki „hlaupa á milljónum“ og ef svo væri talið yrði að fresta framkvæmdunum. Álitsbeiðandi kveðst nú þegar hafa greitt 1.000.000 krónur fyrir verkið án þess að búið sé að ganga frá rotþró og skólplögnum auk annarra verka sem hafi ekki verið unnin. Við vinnu verksins þann 11. júní 2019 segir álitsbeiðandi að seljandi hafi sagt að þau verk sem væru eftir myndu ekki kosta meira en 50.000 krónur. Kveðst álitsbeiðandi hafa gert ráð fyrir að þá yrði búið að ganga frá öllu, leiðslum, rotþró og holu. Seljandi hafi hins vegar neitað að ganga frá rotþró og leiðslum fyrir veturinn

þar til reikningur hefði verið að fullu greiddur. Heildargreiðsla sem seljandi áskilji sér úr hendi álitsbeiðanda áður en lengra sé haldið með verkið sé nú að fjárhæð 2.580.395 krónur. Síðar hafi álitsbeiðandi jafnframt fengið sendan reikning fyrir þjónustu frá Vörubílastöðinni Þrótti sem seljandi hafi pantað á nafni álitsbeiðanda. Að teknu tilliti til þess reiknings muni kostnaður vegna verksins „*hlaupa á milljónum*“ enda sé það varla hálfnað. Álitsbeiðandi kveðst aldrei hafa fengið upplýsingar um að kostnaðurinn yrði svo mikill.

Álitsbeiðandi kveðst hafa óskað eftir sundurliðun kostnaðar gagnvart seljanda í júlímánuði 2019. Á þeim tíma hafi þegar verið búið að greiða 500.000 krónur inn á verkið en í svörum seljanda hafi þá komið fram að ógreiddar væru alls 1.494.000 krónur. Samkvæmt því yrði kostnaðurinn samtals 1.994.000 krónur. Hvergi hafi verið minnst á að kostnaður við vörubíl og flutning á drenmöl myndi bætast við né að aka þyrfti meira efni á staðinn í ljósi stærðar holunnar sem fylla hafi þurft. Álitsbeiðandi kveðst hafa talið að um heildarkostnað væri að ræða, þar með talið fyrir þeim hluta verksins sem væri ólokið. Síðar hafi seljandi sagt að aðeins væri um að ræða kostnað við þá vinnu sem væri lokið en síðar þyrfti að greiða fyrir eftirstandandi verk, þ.e. frágang leiðslna, vinnu vegna vatnsinntaks, frágang lagna innandyra og tengingu þeirra, uppfyllingu holunnar og að hreinsa eftir mold á lóðinni. Í nánari sundurliðun seljanda til álitsbeiðanda vegna kostnaðarins var eftirfarandi tiltekið:

Grafa 31 tími x 10.000 = 310.000 krónur.  
Dumper 24 tímar x 10.000 = 240.000 krónur.  
Dagvinna 41 x 9.600 = 393.600 krónur.  
Efni 47.299 krónur.  
Rotþró 274.194 krónur.  
Flutningur á vélum 72.581 krónur.  
Dælubíll 86.650 krónur.  
Auk virðisaukaskatts.

Vísað er til þess að samkvæmt framangreindu sé greiðslukrafa seljanda alls að fjárhæð 2.580.395 krónur fyrir óklárað verk auk þess sem við bætist 346.952 krónur vegna vörubíls. Alls þurfi álitsbeiðandi að greiða 2.927.347 krónur þrátt fyrir að fyrir liggi að mikil vinna sé eftir. Álitsbeiðandi segir að samkvæmt reyndum gröfumanni og pípara ættu unnir tímar vegna verksins að vera hið mesta tveir dagar eða einn fyrir tvo menn. Er á það bent að einn starfsmaður seljanda hafi verið starfsnemi. Byggir álitsbeiðandi á því að óeðlilegt sé að krafist sé sama tímagjalds fyrir vinnu hans og vinnu pípulagningarmanna. „Dumper“ hafi verið notaður til að fjarlægja mold sem átt hafi að nota til að einangra leiðslur og rotþró. Alls 55 klukkutímar hafi verið unnir á tækjum og það eina sem hafi verið gengið frá sé holan eftir gömlu rotþrónnu. Þá hafi viðbótarkostnaður ekki átt að vera hærri en 50.000 krónur fyrir aðra vinnu seljanda að undanskildum efniskostnaði við önnur verk.

Bent er á að lokafrágangur hafi ekki farið fram og að skólplagnir liggi á yfirborðinu óvarðar fyrir sól og frosti. Stærðarinnar hola sé við rotþrónnu, mold við bústaðinn og mögulega of mikið af henni flutt af svæðinu svo hægt sé að ganga frá rotþró og leiðslum. Búið sé að ganga frá tengingu vatns að hitaveitu en álitsbeiðandi kveðst ekki vita hvort hann sé fullnægjandi. Ólokið sé að ganga frá nýju vatnsinntaki inn í bústaðinn og gamla inntakið sé óvarið fyrir veðrum og vindí eftir að tekið hafi verið frá því til að auðvelda aðgengi seljanda. Frárennsli frá eldhúsvaski sé ófrágengið og það sem gert hafi verið sé algjörlega ófullnægjandi. Þá hafi vatnsleiðslur inn í bústaðinn ekki verið lagaðar og settar á réttan stað miðað við nýja staðsetningu á eldhúsvaski og því sé ekki hægt að nýta plássið. Auk þess hafi vatn ekki verið tengt fyrir eldhúsvask.

Álitsbeiðandi krefst þess að „*rotþrónni verði snúið og hún dýpkuð þannig að skólplagnir séu neðanjarðar þ.e. ekki þurfi að moka yfir þær [...] og þannig að skólplagnirnar*

*taki ekki eins mikið pláss og rýri ekki notagildi svæðisins“.* Álitsbeiðandi krefst þess einnig að skoðað verði „að tengja skólplagnir við gömlu skólplagnirnar en þær voru í lagi langleiðina að gömlu rotþrónni. [...] Þetta verði framkvæmt á kostnað verktakans af öðrum verktaka sem vanur er svona vinnu. Að fyllt verði upp í holuna sem verktakinn gróf of stóra fyrir rotþrónni [...] og það verði gert á kostnað verktakans og unnið af öðrum verktaka. Að verktaki greiði fyrir jarðveg og flutning hans ef koma þarf með auka jarðveg til að setja á rotþró, í holuna og/eða yfir leiðslur enda hafi þeir átt að vita hvort og þá hversu mikla mold mætti fjarlægja af svæðinu.“ Álitsbeiðandi krefst þess að annar reyndur verktaki verði fenginn í að laga til eftir seljanda og ganga frá lögnum og rotþró á kostnað seljanda. Þá krefst álitsbeiðandi þess að fá að tala við annan aðila um að framkvæma þau verk sem seljandi hafi ekki byrjað á.

Álitsbeiðandi krefst endurgreiðslu á reikningi frá Vörubílastöðinni Þrótti að fjárhæð 346.952 krónur. Álitsbeiðandi gerir einnig kröfu um að kostnaður við framkvæmdirnar verði lækkaður verulega og verði ekki meiri en eðlilegt þykir fyrir sambærilegt verk sem unnið sé af fagmanni.

#### IV

#### Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum bendir seljandi á að í heild hafi verið samið um fjögur verk, að koma fyrir nýrri rotþró, tæma og taka upp eldri rotþró, að setja upp inntakskrana og fjarlægja um 10 tré.

Seljandi hafnar því að vinnan við að koma nýrri rotþró fyrir hafi verið haldin galla. Álitsbeiðandi hafi óskað eftir að seljandi græfi fyrir, setti niður og tengdi nýja rotþró. Álitsbeiðandi hafi ákveðið staðsetningu nýju rotþróarinnar þar sem eldri rotþró hafi verið á „hól“. Seljandi mótmælir fullyrðingum um að rotþróin sé ranglega staðsett eða lega hennar sé röng enda hafi seljandi ekki ákveðið svo veigamikil atriði sjálfur. Þá bendir seljandi á að álitsbeiðandi hafi ekki gert athugasemdir við staðsetningu eða legu rotþróarinnar við vinnu verksins þrátt fyrir að hafa verið á staðnum. Varðandi stærð holunnar sem rotþróin var sett í bendir seljandi á að við verkið hafi verið komið niður á stóra klöpp og því hafi orðið að að færa holuna til. Hafi álitsbeiðandi verið meðvituð um þessa hættu, enda séu klappir undir landinu öllu, og verið upplýst um stöðu og framvindu verksins jafnóðum. Klöppin skýri einnig hvers vegna lagnirnar séu ofanjarðar þar sem ekki hafi verið unnt að dýpka holuna frekar vegna klapparinnar. Rangur halli verði á lögnunum séu þær settar í jörðu og muni þær þá vísa upp. Álitsbeiðandi hafi óskað eftir þessu verklagi svo unnt yrði að nota rotþróna. Til hafi staðið að moka yfir lögnina með drenmöl og mold til að hylja hana. Ekki hafi orðið af því þar sem álitsbeiðandi hafi neitað að greiða þann kostnað sem af verkinu hafi hlotist. Þá hafi ekki verið unnt að vinna verkið með öðrum hætti og hafi verkið verið unnið í samvinnu og sátt við álitsbeiðanda. Að sögn seljanda óskaði álitsbeiðandi sjálf eftir að mold yrði fjarlægð með vörubílum sem kom með drenmölina á leið til baka til að spara kostnað.

Seljandi vísar til þess að eldri rotþró hafi verið tæmd og fjarlægð að beiðni álitsbeiðanda og því hafi eðlilega fylgt kostnaður. Inntakskrani hafi verið settur upp að beiðni álitsbeiðanda en seljandi hafnar því að verkið hafi að nokkru leyti verið haldið galla. Engin gögn hafi verið lögð fram sem gefi vísbendingu um slíkan galla og hvíli sönnunarbyrði um meintan galla á álitsbeiðanda. Fullyrðing um slíkt sé ekki nægjanleg sönnun.

Seljandi bendir einnig á að ágreiningslaust sé að álitsbeiðandi hafi óskað eftir við seljanda að fjarlægð yrði um það bil 10 tré. Seljandi hafi tekið það verk að sér. Rífa hafi átt trén upp með rótum en í því hafi falist mikila vinna með lítilli 1,8 tonna gröfu. Rætur trjánna hafi verið miklar og legið djúpt. Hafi verið því sannanlega ekki verið auðvelt.

Seljandi bendir einnig á að álitsbeiðandi hafi greitt 1.000.000 krónur fyrir verkið. Útlagður kostnaður seljanda sé rúmlega helmingur fjárhæðarinnar eða 596.097 krónur. Þar af sé kostnaður vegna kaupa á rotþró 340.000 krónur, kostnaður vegna flutnings á vélum 90.000

krónur, kostnaður vegna kaupa á öðru efni 58.651 krónur og kostnaður vegna dælubíls til að tæma eldri rotþró 107.446 krónur. Af því leiði að fyrir vinnuna hafi álitsbeiðandi greitt sejjanda 403.903 krónur ásamt virðisaukaskatti fyrir verkin fjögur. Telur seljandi sig geta fullyrt að enginn verktaki fengist til að vinna verkin fyrir þá fjárhæð. Um umfangsmikil verk sé að ræða sem hafi verið unnin á fimm dögum, þar á meðal tveir dagar yfir helgi að beiðni álitsbeiðanda. Seljandi segir að kostnaður verksins sé innan hæfilegra marka og bendir á að það sé hlutverk álitsbeiðanda að sanna að umfang verksins sé umfram það sem eðlilegt geti talist. Engin gögn um óhæfilegan kostnað liggja fyrir í málinu. Seljandi bendir einnig á að í tímaskráningu vegna verksins hafi ekki verið taldir tímar við akstur frá Reykjavík til Þingvalla. Því séu skráðar vinnustundir síst ofreiknaðar.

Seljandi bendir á að álitsbeiðandi hafi verið upplýst um kostnað á öllum stigum málsins. Vísað er til skjáskots úr álitsbeiðni þar sem kostnaður og umfang vinnunnar, 50 til 60 klukkustundir, er útlistaður. Svar álitsbeiðandi við því hafi verið: „*Ánægð með ykkur. Takk fyrir þetta*“. Þá telur seljandi að kröfur álitsbeiðanda í málinu standist ekki réttarfarslega skoðun þar sem ekki sé á færi nefndarinnar að ákveða að „*rotþrónni skuli snúið við og hún dýpkuð*“, „*að skoðað verði að tengja lagnir við gömlu skólplagnirnar*“, „*að fyllt verði upp í holuna*“ o.fl. Seljandi bendir á að reikningur frá Vörubílastöðinni Þrótti að fjárhæð 346.952 krónur sé vegna kaupa á drenmöl í kringum rotþróna. Um óumflýjanlegan kostnað við verkið hafi verið að ræða enda ekki unnt að moka mold að rotþrónni af augljósum ástæðum. Sá kostnaður hefði alltaf fallið til sama hver hefði unnið verkið og því eigi endurgreiðslukrafa ekki rétt á sér. Kveðst seljandi því hafna öllum kröfum álitsbeiðanda í málinu.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda bendir álitsbeiðandi á að seljandi hafi ekki greint frá öllum umsömdum verkum í andsvörum sínum. Einnig hafi verið samið um að skipta um inntak í sumarbústaðinn, leggja leiðslur inn í bústaðinn eftir að eldhúsvaskur hefði verið færður, setja niðurfall fyrir eldhúsvask á nýrri staðsetningu og tengja heitt og kalt vatn við eldhúsvask á nýrri staðsetningu.

Álitsbeiðandi tekur fram að rotþróin sé ekki ranglega staðsett heldur yrði staðsetning skólplagna mun betri með því að snúa rotþrónni örlítið í holunni auk þess sem nýting landsins yrði meiri. Þá bendir álitsbeiðandi á að lega rotþróarinnar þurfi að vera rétt svo rennsli sé eðlilegt og því sé ekki „*vandséð að verktaki ákveði af sjálfsdáðum slíkt*“ enda þurfi fagaðila til að tryggja að staðsetning henti þeirri virkni sem rotþróin eigi að hafa. Álitsbeiðandi tekur fram að hún hafi ekki verið viðstödd þegar verkið var unnið líkt og seljandi haldi fram. Hún hafi verið við vinnu og ekki komist frá á þeim dögum sem verkið hafi verið unnið. Hún hafi aðeins haft möguleika á að heimsækja verkstað í stutta stund eftir vinnu þann 11. júní 2019.

Að sögn álitsbeiðanda var henni aldrei greint frá því að klöpp væri undir þrónni en eftir móttöku andsvara seljanda kveðst álitsbeiðandi hafa haft samband við vörubílstjórann sem kom að verkinu. Hafi komið fram hjá honum að ekki væri klöpp undir rotþrónni. Starfsmaður seljanda hafi komið með þá hugmynd að taka mold til baka á vörubifreiðinni að sögn álitsbeiðanda og segir hún sig hafa talið það góða hugmynd til að minnka kostnað að því marki sem ekki þyrfti að nota moldina við verkið.

Álitsbeiðandi telur að það hljóti að teljast hluti af heildarverkinu að fjarlægja eldri rotþró þar sem óskað hafi verið eftir því að skipt yrði um rotþró. Þá segir álitsbeiðandi að seljandi hafi ekki fjarlægt rotþróna að fullu þar sem hún hafi verið seld og álitsbeiðandi aðstoðað kaupanda við að fjarlægja hana af lóðinni. Álitsbeiðandi bendir á að sá „*inntakskrani*“ sem seljandi nefni sé krani á lóðinni sem lokar fyrir vatnið frá vatnsveitu á svæðinu. Sá inntakskrani sem seljandi hafi átt að skipta um, en framkvæmd ekki, sé þar sem vatnið sé tekið inn í bústaðinn sjálfan.

Álitsbeiðandi segir einnig að þau tré sem um ræði hafi ekki verið stór að umfangi og seljandi hafi verið fenginn til að rífa trén upp og vörubílstjóri séð um að fjarlægja þau.

Álitsbeiðandi kveður að seljandi hafi verið búinn að fjarlægja nær öll trén þegar hún mætti á verkstað kl. 17:00 þann 11. júní 2019. Þrátt fyrir það séu skrifaðir tímar á starfsmenn við að rífa trén 12. júní 2019 og þrír tímar á gröfu sem geti aðeins verið vegna trjáanna því ekki hafi verið grafið fyrir skólplögnum sem liggja ofanjarðar auk þess sem búið hafi verið að grafa fyrir inntakskrana samkvæmt tímaskráningu seljanda. Vinnutímar hafi því verið ofskráðir á verkið. Álitsbeiðandi bendir á að skilaboðin „*Ánægð með ykkur*“ hafi verið send á þeim tíma sem talið var að verkinu í heild væri lokið með 50 til 60 tíma vinnu, þ.e. skipta um rotþró, fylla í holuna, ganga frá, skipta um inntak inn í bústað, tengja niðurfall í eldhúsvask, laga vatnslagnir, gera vatnsleiðslu inn í bústaðinn frostfría og tengja loka fyrir vatn frá vatnsveitu. Kveðst álitsbeiðandi hafa verið ánægð með það að verkinu væri lokið og taldi seljanda aðeins eiga eftir að koma og ganga frá sem væri innifalið í þessum tímum. Álitsbeiðandi bendir á að seljandi segi útlagðan kostnað vera 596.097 krónur. Vinna í 60 klukkustundir væri 712.000 krónur með virðisaukaskatti en 595.200 krónur fyrir 50 tíma með virðisaukaskatti. Miðað við það ætti heildargreiðsla fyrir verkið ásamt vörubílaþjónustu að vera á bilinu 1.538.249 krónur til 1.657.278 krónur. Því geti skilaboð álitsbeiðanda um ánægju varla verið vegna ánægju um kostnaðinn þegar áður hafði verið rætt um að kostnaðurinn mætti ekki vera mikið hærri en ein milljón. Álitsbeiðandi hafi ekki verið búin að fara á verkstað á þessum tíma og kveðst ekki hafa vitað að verkinu væri ólokið. Heildarkostnaður sé nú orðinn 2.580.395 krónur ásamt reikningi frá vörubílstjóranum að fjárhæð 346.952 krónur eða alls 2.927.347 krónur. Þó eigi enn eftir að ganga frá skólplögnum og rotþró ásamt því að klára verk inni í bústaðnum. Hækkaði kostnaðurinn frá 1.657.000 krónum í 2.340.000 krónur og sé nú 2.927.347 krónur.

Álitsbeiðandi bendir á að hún hafi óskað eftir þjónustu seljanda sem sérfræðingi til að vinna verkið af fagmennsku varðandi útfærslu og framkvæmd á grundvelli sérfræðiþekkingar sem hafi ekki verið gert. Krafist sé greiðsla fyrir verk sem sé ólokið og hafi engan veginn verið fullnægjandi auk þess sem kostnaðurinn sé langt umfram það sem vænta megi að verk af þessu tagi kosti. Bendir álitsbeiðandi á að seljandi hafi átt að gefa upplýsingar jafnóðum um þann kostnað og viðbótarkostnað sem gæti komið til sem hann hafi ekki gert.

Álitsbeiðandi segir af og frá að hún hafi neitað að greiða fyrir verkið líkt og seljandi haldi fram. Samið hafi verið um að greiðsla myndi berast fyrir jól og gerði álitsbeiðandi síðar athugasemdir við kostnað verksins og frágang á rotþró og skólplögnum. Þá hafi starfsmaður seljanda fullyrt að ekki myndi kosta meira en 50.000 krónur að klára verkið þann 11. júní 2019.

Álitsbeiðandi gerir athugasemdir við að seljandi segist hafa unnið fimm daga við verkið. Þann 13. júní 2019 hafi seljandi unnið í fjóra tíma við að setja mól í kringum rotþró en álitsbeiðandi segir að vörubílstjórinn hafi séð um það og geti vottað um það. Þá séu skráðir tímar við að rífa tré 12. júní 2019 en búið hafi verið að fjarlægja þau af svæðinu daginn áður. Kveðst álitsbeiðandi hafa rætt við nokkra pípara um verð á samskonar verki sem hafi sammælt um að verkið taki um einn dag fyrir einn pípara og einn mann á gröfu. Þá hafi verið rætt við garðyrkjufyrirtæki varðandi kostnað við að fjarlægja trén og hafi kostnaður þar verið áætlaður um 200.781 krónur í heild fyrir að fjarlægja þau, kurla og ferðast á verkstað. Álitsbeiðandi segir að aldrei hafi verið beðið um að verkið yrði unnið í yfirvinnu eða um helgi enda hafi ekki verið þörf á að klára verkið strax um sumarið. Auk þess hafi seljandi aldrei gefið upp kostnað við verkið að eigin frumkvæði, álitsbeiðandi hafi tekið skýrt fram að verkið mætti alls ekki fara mikið yfir eina milljón og ef seljandi teldi verkið umfangsmeira yrði ekki farið í verkið að svo stöddu. Þegar seljandi svaraði spurningum varðandi kostnað hafi verið gefnar upplýsingar sem ekki hafi verið minnst á að væru bara vegna kostnaðarins að hluta og ýmis verk væru eftir óunnin. Nú liggja skólprörin undir skemmdum enda ekki æskilegt að þau séu í sólarljósi. Álitsbeiðandi bendir á að hún hafi margoft spurt seljanda hvort hann treysti sér í verkið en

seljandi hafi þá fullyrt að hann væri alvanur slíkum verkum. Miðað við frágang verksins og tímafjölda sem í verkið hafi farið sé erfitt að trúa þeirri fullyrðingu að sögn álitsbeiðanda.

## VI

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila eiga undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan er rakið óskaði álitsbeiðandi eftir þjónustu seljanda við að skipta um rotþró í sumarbústað í sinni eigu og tengja rotþróna við skólplagnir. Var seljandi einnig beðinn um að skipta um inntak inn í bústaðinn, færa vatnslagnir innandyra vegna tengingar við eldhúsvask, að lagfæra tengingu við hitaveitu fyrir utan bústaðinn og að fjarlægja nokkur tré fyrir utan. Álitsbeiðandi telur að verkið sé haldið galla og að seljandi hafi krafist of hárrar greiðslu miðað við umfang verksins þrátt fyrir að verkinu sé ólokið. Mun álit nefndarinnar taka til þeirra verka sem deilt er um og seljandi hefur krafist greiðslu fyrir, þ.e. að skipta um rotþró, fjarlægja tré og tengja inntakskrana.

Álitsbeiðandi greinir frá margvíslegum annmörkum á verkinu. Telur hún að seljandi hafi átt að snúa nýju rotþrónni á annan hátt til þess að auðvelda frágang skólplagna sem nú standa ofarlega og ofan jarðar. Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi grafið of stóra holu fyrir rotþrónnu og látið vörubíl fjarlægja of mikið magn af mold og jarðvegi sem hefði átt að nýta til þess að fylla holuna og hylja skólplagnir sem nú standi óvarðar. Þá telur álitsbeiðandi að vinna seljanda við að einangra vatnsinntak inn í bústaðinn hafi verið ófullnægjandi.

Kærunefndin álitur að 9. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við í málinu, en ákvæðið er svohljóðandi:

#### **9. gr. Seld þjónusta telst gölluð ef:**

1. árangur af unnu verki stenst ekki kröfur skv. 4. gr. eða seld þjónusta víkur frá almennum öryggiskröfum, sbr. 5. gr.,

2. seljandi þjónustu hefur gefið rangar eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða öðrum tilkynningum sem beint er að almennungi eða neytanda sérstaklega enda hafi þær verið forsenda fyrir kaupum á þjónustu,

3. seljandi þjónustu hefur ekki veitt neytanda upplýsingar sem hann hafði vitneskju um eða hefði mátt hafa vitneskju um og hafa þýðingu fyrir framkvæmd verksins,

4. þjónustan felur í sér hættu á líkams- eða eignatjóni,

5. árangur verks eða þjónustu verður minni eða hefur minna notagildi en ella fyrir neytanda eftir að áhætta flyst aftur til hans og rekja má orsök þess til vanrækslu seljanda,

6. seld þjónusta víkur að öðru leyti frá því sem samningur seljanda og neytanda kveður á um.

Galli telst þó ekki vera fyrir hendi í þeim tilvikum sem nefnd eru í 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef telja má að það sé ósanngjarnt af neytanda að bera fyrir sig gallann.

Meginreglan er sú að neytandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að þjónusta sé haldin galla þegar áhættan af hinni seldu þjónustu hefur flust til hans á ný, sbr. IV. kafla þkpl. Í gögnum málsins er að finna myndir af frágangi rotþróar og skólplagna sem standa ofanjarðar. Benda þær myndir af verkstað til þess að frágangur sé ýmsu leyti ófullnægjandi. Á hinn bóginn er til þess að líta að verkinu er enn ólokið, svo sem ágreiningslaust er í málinu, en framkvæmdir hafa verið stöðvaðar sökum ágreinings um greiðsluskyldu álitsbeiðanda gagnvart seljanda vegna

þeirra verkþátta sem unnir hafa verið. Með hliðsjón af því telur kærunefndin að hvorki sé unnt að fullyrða að verkið sé haldið galla í skilningi 9. gr. þkpl. né að slíkt hafi verið leitt í ljós af hálfu álitsbeiðanda í málinu.

Fyrir liggur að álitsbeiðanda hefur verið gert að greiða 346.952 krónur vegna flutninga á mól með vörubíl af hálfu þriðja aðila fyrir tilstilli seljanda en álitsbeiðandi hefur krafist þess fyrir nefndinni að seljanda verði gert að greiða þann kostnað. Ágreiningslaust er að álitsbeiðandi var upplýst um þann verkþátt þriðja aðila við framkvæmdina, sem var nauðsynlegur og gerði engar athugasemdir. Samkvæmt því standa engin rök til þess að fallast á kröfu álitsbeiðanda um að seljanda verði gert að bera kostnað fyrir þjónustu þriðja aðila í þágu álitsbeiðanda. Eins og atvikum er háttað og að teknu tilliti til þeirra takmörkuðu gagna sem lögð hafa verið fyrir nefndina eru heldur ekki skilyrði til að telja að sýnt hafi verið fram á að seljandi hafi flutt of mikinn jarðveg af svæðinu. Þá telur nefndin ekki á sínu færi að mæla fyrir um breytta framkvæmd seljanda, s.s. að snúa rotþrónni og dýpka hana.

Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir verkið miðað við raunverulegt umfang þess. Þá hafi seljandi ekki veitt fullnægjandi upplýsingar um kostnað verksins eða aukinn kostnað þegar verkið var hafið. Kærunefndin álitur að 28. gr. þkpl. eigi við um ágreining aðila, en ákvæðið er svohljóðandi:

**28. gr.**

*Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.*

Í ákvæðinu felst að verð fyrir þjónustu er ákveðið með hliðsjón af því hve þjónustan er mikil, hvers eðlis hún er og hversu vel er unnið. Ef samið er um vinnu verks miðað við ákveðinn tímafjölda eða verðið er ákveðið miðað við efniseiningu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir eða hversu mikið efni var notað. Við mat á því hvort efnismagn og tímafjöldi séu hæfileg ber að miða við hvað yfirleitt tíðkast þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi. Við verðlagningu ber seljanda að taka tillit til hagsmuna neytanda. Ef hátt verð stafar af því að seljandi hefur notað kostnaðarsamara vinnufyrirkomulag en nauðsynlegt er eða notað óþarflega dýrt efni getur neytandi neitað að greiða annað en sanngjarnt verð fyrir þjónustuna.

Af málsgögnum verður ráðið að greiðslukrafa seljanda vegna þeirra verkþátta sem þegar hafa verið unnir sé nú alls að fjárhæð 2.580.395 krónur en álitsbeiðandi hefur þegar greitt 1.000.000 krónur. Samkvæmt því nemur fjárhæð ógreiddra eftirstöðva alls 1.580.395 krónum vegna. Þá er ótalin kostnaður við að ganga frá rotþró og skólplögnum sem nú standa ofanjarðar.

Sundurliðun á kostnaði seljanda við verkið er eftirfarandi:

Grafa 31 tími x 10.000 = 310.000 krónur.  
Dumper 24 tímar x 10.000 = 240.000 krónur.  
Dagvinna 41 x 9.600 = 393.600 krónur.  
Efni 47.299 krónur.  
Rotþró 274.194 krónur.  
Flutningur á vé lum 72.581 krónur.  
Dælubíll 86.650 krónur.  
Auk virðisaukaskatts.

Sundurliðun á vinnu starfsmanna seljanda er eftirfarandi:

Hæðarmæla lögn, mynda lögn, skoða verk fyrir rotþró – engir tímar skráðir.

8. júní, starfsmaður A – Moka fyrir rotþró á nýjum stað, fjarlægja tré o.fl. – 11 tímar á gröfu.
8. júní, starfsmaður B – Moka fyrir rotþró á nýjum stað, fjarlægja tré o.fl. – 11 tímar á dumper.
9. júní, starfsmaður A – Moka fyrir rotþró og taka tré – 5 tímar á gröfu.
9. júní, starfsmaður B – Moka fyrir rotþró og taka tré – 5 tímar á dumper.
11. júní, starfsmaður B – Setja niður rotþró og taka tré/dælubíll + fjarlægja gamla rotþró – 4 tímar dagvinna, 3 tímar yfirvinna.
11. júní, starfsmaður C – Setja niður rotþró og taka tré – 3 tímar dagvinna, 3 tímar yfirvinna.
11. júní, starfsmaður D – Dumper – v/grafa fyrir rotþró – 8 tímar á dumper.
11. júní, starfsmaður E – Grafa – v/grafa fyrir rotþró + fjarlægja gamla rotþró – 8 tímar á gröfu.
12. júní, starfsmaður B – Leggja frárennsli undir bústað og í rotþró, skipta um inntakskrana og rífa tré – 7 tímar í dagvinnu, 3 tímar á gröfu.
12. júní, starfsmaður C – Leggja frárennsli undir bústað og í rotþró, skipta um inntakskrana og rífa tré – 7 tímar í dagvinnu.
13. júní, starfsmaður B – Setja mól í kringum rotþró – 4 tímar á gröfu.
- Alls 41 tímar í dagvinnu, 38 tímar í yfirvinnu, 31 tímar á gröfu og 24 tímar á dumper.

Álitsbeiðandi bendir á að samkvæmt reyndum gröfumanni og pípara ættu unnir tíma að vera hið mesta tveir dagar eða einn dagur fyrir tvo menn. Engin gögn hafa þó verið lögð fyrir nefndina sem staðfesta þá fullyrðingu eða varpað gætu nánara ljósi á það efni. Kærufndin telur sig því ekki hafa forsendur til að fallast á það með álitsbeiðanda að seljandi hafi krafist greiðslu fyrir vinnu í fleiri klukkustundir en raunverulega voru unnar. Þá telur nefndin sér ekki fært að slá því föstu að vinna seljanda hafi tekið lengri tíma en eðlilegt er við sömu aðstæður. Með hliðsjón af framangreindu er það niðurstaða nefndarinnar að álitsbeiðandi hafi ekki leitt í ljós í málinu að það verði sem seljandi áskildi sér vegna þeirra verka sem sannanlega voru unnin hafi verið ósanngjarnt með hliðsjón af eðli þeirra og umfangi. Þegar af þeirri ástæðu eru ekki forsendur til að fallast á kröfu álitsbeiðanda um lækkun reiknings seljanda. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda í málinu.

## VII Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Sölvi Davíðsson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson